

Tillaga til þingsályktunar

um aukarþing Alþingis um byggðamál.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Puriður Backman.

Alþingi ályktar að haldið verði aukarþing um byggðamál. Þar verði fjallað um framtíðarþróun byggðar í landinu og í framhaldi af því mótuð markviss byggðastefna til næstu tveggja áratuga. Í tengslum við þingið verði haldin almenn byggðaráðstefna með aðild sveitarstjórna, helstu stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, félagasamtaka og einstaklinga.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga svipaðs efnis var flutt á síðasta þingi en fékk þá ekki brautargengi. Tillagan er því flutt aftur og hafa nokkrar breytingar verið gerðar á greinargerð.

Mörg undanfarin ár hafa byggðamál og þróun byggðar í landinu verið talin með mikilvægustu úrlausnarefnum í íslensku samfélagi. Fólk hefur þyrpst á höfuðborgarsvæðið með þeim afleiðingum að dregið hefur úr þrótti landsbyggðarinnar til þess að viðhalda atvinnu, sjá um viðunandi þjónustu fyrir íbúana og hlúa að blómlegu mannlífi. Hugmyndir stjórnvalda um stóriðju hafa haldið einstökum landsfjórðungum í spennitreyju óvissu um langa hríð svo að dregið hefur úr þrótti þeirra byggðarlaga sem um ræðir til nýsköpunar og þróunar í atvinnulífinu, fólk býr við öryggisleysi og vonleysi. Viðs vegar á landinu hefur dregið svo úr samfélagslegri þjónustu að sækja þarf almenna grunnþjónustu um langan veg. Þrátt fyrir að sums staðar á landinu hafi veruleg uppbygging orðið og ýmis sveitarfélög séu á margan hátt fullkomlega fær um að taka við mun meiri og fjölbreyttari atvinnu en þar er nú skortir þau mannafla til þess.

Landsmenn verða sífellt betur meðvitaðir um neikvæðar afleiðingar byggðaröskunar undanfarinna ára. Æ fleiri gera sér ljóst hvaða möguleikar eru í því fólgnir fyrir þjóðlífið að nýta kosti dreifðra byggða landsins, svo sem fengsæl fiskimið, búsældarlegar sveitir og fjölbreytta, einstæða náttúru. Jafnframt vex skilningur á því að til þess að svo megi verða í nútíð og framtíð þarf að efla byggðirnar og auka hlutverk þeirra í sameiginlegum rekstri þjóðarbúsins. Þetta er liður í ævarandi sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Á undanförunum árum hefur mörgum aðgerðum stjórnvalda verið ætlað að efla og treysta byggð í landinu. Sumar þeirra hafa borið árangur, aðrar ekki. Helsta ástæða árangursleysis eru ómarkviss viðbrögð við tímabundnum vanda einstakra byggða. Oft er gripið til ráðstafana án þess að hagsmunir heildarinnar séu hafðir að leiðarljósi af því að á það hefur skort að vandinn á landsvísi hafi verið skilgreindur. Þingmenn sem þingflokkar hafa lagt fram margan tillögur

Prentað upp.

sem bera vott um metnað og framsýni en hafa ekki verið til lykta leiddar. Sveitarstjórnir, félagasamtök og einstaklingar hafa leitað nýrra leiða en ekki heldur haft erindi sem erfiði nema að takmörkuðu leyti.

Mikilvægt er að þjóðarsátt náist um leiðir til þess að leysa þann knýjandi vanda sem byggðapróunin hefur skapað og skapar enn, enda er um að ræða hagsmuni þjóðarinnar allrar. Af þeim sökum er fyllsta ástæða fyrir stjórnvöld að fara skipulega yfir allar tillögur sem komið hafa fram á undanförunum þingum ásamt hugmyndum einstaklinga og sveitarfélaga um farsæla þróun byggðar í landinu, taka formlega afstöðu til þessa efnis, leita sameiginlegra lausna og setja fram markvissa áætlun um framtíðarþróun byggðar á Íslandi.

Þess vegna er lagt til að boðað verði til aukapings þar sem eingöngu verði fjallað um byggðamál, aðgerðir hins opinbera í þeim efnum og tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið á síðustu áratugum til lausnar vanda í byggðapróun. Í tengslum við þingið verði haldin almenn byggðaráðstefna þar sem fulltrúar sveitarstjórna, stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, fulltrúar félagasamtaka og einstaklingar sem láta sig málið varða geta borið saman bækur sínar og veitt þinginu stuðning og aðhald í störfum.